

Minningarorð um Birgi Finnsson

fæddur 19.maí 1917 – dáinn 1. júní 2010

Birgir Finnsson, tengdafaðir minn, var tignarlegur maður, gæddur einstökum virðuleika og stillingu. Frá honum stafaði friður sem allir í umhverfi hans fundu og nutu. Veröldin róaðist hvar sem hann kom. Fólk þroskaðist að viti og visku við það eitt að blanda geði við hann. Sjálfur setti hann ekki lífsvisku sína á blað. Boðskapur Birgis Finnssonar var hann sjálfur: Lífsmáti hans, framkoma og hugsunarháttur.

Hver var lífsmáti Birgis? Að kunna sér hóf, ávallt og undir öllum kringumstæðum. Þeir sem hugleitt hafa mannlegt siðferði vita að þetta er undirstöðudýgðin. Þeir sem ekki temja sér hófsemi spilla gæðum lífsins og hætta smám saman að geta notið þeirra. Ein þeirra lífsreglna sem Birgir tileinkaði sér ungur var að neyta aldrei of mikils, hversu ríkulega sem fram væri borið.

Framkoma Birgis einkenndist af kurteisi, tillitsemi og virðingu fyrir mönnum og málefnum. Heiðarleiki var honum í blóð borinn. Hann var fastheldinn á gömul og góð gildi. Yfirveguð umræða var honum að skapi, en hann lagði sig ekki eftir kappræðu. Hann hafði hlýja kímni til að bera sem var í samræmi við velvild hans í garð allra manna.

Lífsmáti Birgis og framkoma endurspegluðu hugsunarhátt hans sem einkenndist af jafnaðargeði og þeirri jafnaðarmennsku sem hann tók í föðurarf. Birgir flíkaði ekki trú sinni, en lífsafstaða hans var skýr: Okkur ber að virða lögmál veruleikans og sýna stöðuga viðleitni til réttisýni og sanngirni.

Ég spurði Birgi eitt sinni hvaða dygð hann teldi mestu skipta. Og hann svaraði: „Ætli það sé ekki að vera sjálfum sér trú.“ En hver er ég sjálfur, hver erum við sjálf? Er það ef til vill þetta sem við þurfum að skilja og læra að takast á við til að móta þá lífsstefnu sem dugar til að leiða okkur út úr þeim hremmingum sem oflæti og óhóf hafa leitt yfir okkur?

Til að móta sjálf okkur þurfum við að velja okkur fyrirmyndir: Ætti ég eina ósk handa niðjum Birgis, þá er hún sú að þeir temji sér þá hófsemi sem hann sýndi ávallt í hegðun sinni. Ætti ég eina ósk handa alþingismönnum, þá er hún sú að þeir taki framkomu hans sér til fyrirmyndar. Ætti ég eina ósk handa íslenskri þjóð, er hún sú að hún tileinka sér þann hugsunarhátt sem hann tamdi sér.

Birgir Finnsson lifði í sátt við sjálfan sig og heiminn og eltist ekki við hverful gæði veraldar. Hann hafði fullkomið taumhald á þeim ástríðum þremur sem oftast verða til þess að menn bregðast sjálfum sér, en þær eru metorðagirndin, valdafíknin og þráin eftir að eignast æ meira. Stundum finnst mér að Birgir hafi skotist hingað í heimsókn úr öðrum og æðri veruleika til að minna okkur á að hemja hamslausa lífsþrána og beina henni á brautir farsældar og þroska. Án þess að láta nokkurt styggðarorð falla, án þess að ánetjast nokkrum vegtyllum, án þess að boða nokkra trú – nema ef vera skyldi þá að sem manneskjur stöndum við öll jöfn andspænis eilífðinni og eigum að styðja og styrkja hvert annað í baráttunni fyrir betri heimi. Blessuð sé minning Birgis Finnssonar.

Páll Skúlason